

1.sept. 2019 – 31. ágúst
2020

Leikskólinn Furugrund - Starfsáætlun



Efnisyfirlit

1 Inngangur	2
2 Um leikskólann.....	3
Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými	3
2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag	3
3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs	4
3.1 Leikskólastarfið áherslur	4
3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	7
3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf	8
4 Starfsmenn.....	9
4.1 Starfsmannastefna.....	9
4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna.....	9
4.3 Samsetning starfsmannahópsins	10
4.4 Fundir	10
4.5 Skipulagsdagar 2018-2019 og 2019 - 2020.....	10
4.6	11
Endur og símenntunaráætlun 2018-2019 og 2019 – 2020.....	11
5 Börn	12
5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift	12
5.2 Sérkennsla.....	12
Leiðir í sérkennslu	12
Einstaklingsnámskrár	13
6 Foreldrasamstarf.....	13
6.1 Foreldrasamstarf.....	13
6.2 Foreldraráð	14
6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	14
6.4 Fræðsla og upplýsingar fyrir foreldra.....	14
6.5 Foreldrafélag.....	14
7 Samstarf	14
7.1 Samstarf við grunnskóla.....	14
7.2 Samstarf við aðra	15
7.3 Nemar	15
8 Mat.....	15
8.1 Matsaðferðir	15
8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður.....	15
8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður	16
8.4 Umbótaáætlun.....	17

9 Öryggismál	17
9.1 Öryggisnefnd.....	17
9.2	17
9.3 Innra eftirlit.....	17
9.4 Slys	18
10 Lokaorð	18

1 Inngangur

Í Furugrund viljum við að börnunum líði vel og að þau upplifi öryggi og traust í leikskólanum. Lögð er áhersla á samstarf milli skólans og heimilis barnanna. <https://furugrund.kopavogur.is/>
<https://furugrund.kopavogur.is/um-skolann/namskra/>

Virðing er borin fyrir ólíkum þörfum og skoðunum. Virðing er grundvallaratriði í samskiptum allra bæði barna og fullorðinna.

Það sem verður í öndvegi í skipulögðu starfi á skólaárinu í starfi og leik er; Læsi, hljóðkerfis og hljóðvitund með aðstoð Lubba sem finnur málbein. Vináttuverkefni Barnaheilla. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Erasmus + verkefnið: Game for the Health – Game for the Future

2 Um leikskólann

Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Furugrund er fjögurra deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum eins til sex ára. Tvær deildir eru fyrir 1.-3ja ára börn og tvær deildir fyrir 3.-6 ára börn. Heildarrými húss er 530m² 7,36 m² á hvert barn, leikrými er 240m² 3,23 m² og lóðin er 1664 m².

Á skólaárinu voru salerni á Dropasteini og salerni á starfmannagangi endurnýjuð einnig var gólf í eldhúsi endurnýjað.

2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

Einkunnarorð leikskólans eru virðing-hljá-öryggi og traust. Leikskólinn starfar eftir lögum um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla og skólanámskrá Furugrunda.

Í Furugrund er lögð áhersla á að hinn fullorðni samsami sig barninu. Til þess að barn geti þroskast sem heilbrigður einstaklingur eru hugtökin sem byggt er á grundvallaratriði. Í leik og starfi leikskólans eigum við að vera meðvituð um markmiðin. Í öllum uppeldislegum áherslum eru þau rauði þráðurinn og byggjum við starfið upp með þau í huga. Uppeldisstefna sem nefnist “leiðandi uppeldishættir” og kennd er við D. Baumrind er sú stefna sem við viljum sjá í framkvæmd hér í leikskólanum. Sú stefna byggir á því að: Skýr mörk eru um það hvað er tilhlýðilegt og hvað ekki, notaðar eru útskýringar í samskiptum og börnin hvött til þess að skýra út sjónarmið sín. Lögð er áhersla á umræður þar sem fram koma sjónarmið barnanna við það t.d. að setja reglur. Börnunum er sýnd mikil hlýja og ástúð og þau eru örvuð. Leiðarljósið er að leiðandi uppeldishættir teljast vænlegir til árangurs, þar sem samskipti byggjast á samvinnu og hlýju, útskýringum og rökum. Kenningar Eriksons eru okkur leiðarvísir um það hvernig börn þroskast og dafna. Í kenningum hans kemur skýrt fram að leikurinn er aðallinn í bernskunni. Í annan stað undirstrikar hann mikilvægi hins fullorðna í lífi barna. Við reynum að tileinka okkur stigin þrjú í kenningum Eriksons um það hvernig börn þroskast.

Dagskipulag leikskólans er einfalt og skýrt. Engin breyting var gerð á því á leikskólaárinu. Börnin vita hvað á að gera næst og hvaða kröfur eru gerðar til þeirra. Sama má segja um þemavinnu, valkerfi og annað hópstarf, þar er allt óbreytt frá fyrra ári.

Dagskipulag á eldri deildum:

07:30	Leikskólinn opnar
08:30-9:00	Morgunverður
09:00-11:00	Leikur /hópastarf/íþróttir/útivera
11:00-11:30	Söngstund /hópastarf /tónlist/hádegisverður á yngri deildum
11:30-12:00	Hádegisverður á eldri deildum
12:00-12:30	Samverustund – Hvíld
12:30-14:00	Útivera / hópastarf/skógarferðir
14:00-14:30	Söngstund, undirbúningur síðdegishressingar
14:30-15:00	Síðdegishressing
15:00-15:30	Samverustund/leikur
15:30-16:30	Leikur / útivera
16:30	Leikskólinn lokar

Dagskipulag á yngri deildum er með sama hætti nema hvað að þar er borðað eilítið fyrr.

3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

3.1 Leikskólastarfið áherslur

ADALNÁMSSKRÁ

Grundvallaratriði að börnin læri í gegnum leik



Læsi	Orðaforði - undirstaðan Lubbi finnur málbeinið – Málhljóð vikunnar og orð vikunnar Söngstundir – lesið á hverjum degi í litlum hópum
Sköpun	Hópastarf Söngstundir Tónlistarstundir Skógarferðir
Jafnrétti	Í gegnum allt starfi Barnasáttmálinn
Heilbrigði og velferð	Leikfimi og jóga Blær Hvíld Matartími Samverustundir
Lýðræði og mannréttindi	Í gegnum allt starfið Barnasáttmálinn

Sjálfbærni

Í gegnum allt starfið
Heimsmarkmið

Elstu börnin

EBV – Elstu barna verkefni og skógarferðir

Unnið með þróun hljóðkerfisvitundar, að fara eftir fyrirmælum, hlustun og vera í stórum hóp meðal annars.

Upplifa nærumhverfi sitt, kynnast náttúrunni, skynjun og fleira.

Hljóðkerfisvitundarhópar

Rauði þráðurinn í þema og starfsáætlun skólaársins verður barnið og umhverfið á eldi deildum. Náttúran og umhverfið verður undirstaðan í sköpunarstarfinu. Haustið er ríkulegasta árstíðin þá afla börnin sér efniviðar sem unnið er með yfir veturinn.

Áhersla er á fugla, árstíðir og vettvangsferðir, nálægð við Fossvogsdalinn og skógræktina kemur sér vel. Á skólaárinu ætlum við að rækta garðinn okkar inni og úti, rækta paprikur, baunatré inni og grænmeti úti yfir sumartímann.

Með yngstu börnunum er þemað ég sjálfur, þar sem heimaþekking s.s hvað heitir ég, líkaminn minn og fjölskyldan min, heimilið mitt og mitt nánasta umhverfi er í öndvegi. litir og form eru í fyrirrúmi og lögð áhersla á að fara fara því einfalda og upp í það erfiða, mikið er lagt upp úr, tónlist, hreyfingu og jóga.

Þemavinna verður allan veturinn einu sinni í viku. Sami kennari er með hópinn. Fjöldi barna í hverjum hóp verður 6-8 börn, en 4-5 börn. á yngri deildum. Viðfangsefnið eru nærtæk og valin með tilliti til aldurs barnanna. Vinnutilhögun er ávallt sú sama byrjað á sama hátt og lokið á sama hátt. Þemavinnan sjálf er byggð á s.k. þemahring. Á skipulagsdegi í haust undirbúa kennarar hvern tíma fyrir fram.

Ákveðin námssvið eru undirstaða náms barnanna í leikskólanum. Þessi námssvið skarast öll að meira eða minna leiti og haldast í hendur við leik, daglegt líf og lífsleikni barnanna. Venjubundnar athafnir daglega lífsins í leikskólanum mótast af andlegum og líkamlegum þörfum barnanna og heilsu. Markmiðið er að börnin verði sjálfstæð og sjálfbjarga. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri líðan barnsins. Návist leikskólakennarans við barnið í leik og starfi gefur dvöl þess í leikskólanum dýpra gildi.

Leikur er órjúfanlegur þáttur bernskuáranna og þungamiðja leikskólastarfsins. Leikur er sjálfsprottinn og börnum eðlislægur. Þau leika sér af fúsum og frjálsum vilja og á eigin forsendum. Leikur getur veitt gleði og vellíðan en jafnframt falið í sér valdabaráttu og átök.

Leikur er meginnámsleið barna. Hann skapar börnum tækifæri til að læra og skilja umhverfi sitt, tjá hugmyndir sínar, reynslu og tilfinningar og þróa félagsleg tengsl við önnur börn. Þegar börn leika sér saman mynda þau félagslega hópa og skapa eigin menningu. Þau taka þátt í lýðræðislegum athöfnum þegar þau setja fram eigin hugmyndir og þurfa jafnframt að skilja hlutina frá sjónarmiði annarra. Við munum halda áfram með flesta þætti innra starfsins óbreytta eins og fyrri ár.

Á hverri deild er börnunum skipt upp í hópa, eftir aldri. Í hverri viku fer hver hópur í skipulagt starf sem er þemavinna, tónlist, leikfimi, leikhópa, skógarferðir og málörvun. Útivera, samverustundir og söngstundir eru á hverjum degi.

Á Dropasteini og Mánasteini er valkerfi. Það er rammi utan um leikinn þar sem börnin velja sér athafnasvæði til þess að leika sér í, valið byggir ekki á sérstökum viðfangsefnum. Börnin bera ábyrgð á vali sínu að skynsamlegu marki hvað varðar tímalengd á hverju athafnasvæði þau ganga frá eftir sig þegar þau skipta um svæði.

Þemavinna

Lykilhugtök í þemavinnu eru sköpunargleði, samvinna og tjáning. Megin markmið eru að:

- börnin læri að starfa í hóp að sameiginlegu markmiði
- börnin efli samskiptahæfni sína
- börnin læri sjálfstæð vinnubrögð
- börnin læri tillitssemi og aga
- þemavinnan sé skemmtileg

Tónlist

Tónlist skipar veglegan sess í starfsemi leikskólans, hugmyndin er að tónlist sé hluti af daglegu starfi. Söngvar, leikir, hljóðfæri og þulur mánaðarins tengjast markvisst þemavinnu og söngstundum. Kenndir verða tveir nýjir söngvar í mánuði. Hlustað verður á tónlist, hreyfing með tónlist, sköpuð tónlist, syngjum og leikum á hljóðfæri og hljóðgjafa.

Megin markmið verða að:

- börnin þekki til frumþátta tónlistar, eiginleika og einkenna

Málörvun:

Málörvun með börnunum er í öndvegi í öllum aldurshópum. Kennsluefnið sem heitir Lubbi finnur málbein er þar í öndvegi. Lubbi býður öllum börnum í ævintýraferð um Ísland þvert og endilangt í leit að 35 málbeinum sem hjálpa honum að læra íslensku máhljóðin fljótt og vel. Í hljóðsmíðju Lubba æfast börnin í að tengja saman hljóðin og stafina sem er undirstaða læsis.

Sköpun:

Börnin hafa aðgang að efniviði til sköpunar eins og áhugi þeirra býður þeim. Eitt af valsvæðunum á eldri deildum er til skapandi starfs, þar velja börnin svæðið og hafa greiðan aðgang að því helsta sem þau geta notfært sér í sköpun. Okkur finnst að við mættum vera meira vakandi fyrir því að hafa við hendina fjölbreyttari efnivið. Efnivið sem börnin geta gengið að.

Skógarferðir:

Farið er í skógarferðir einu sinni í viku með elstu börnin, allt skólaárið, þar sem þau skoða árstíðarbreytingar og dýralífið í náttúrunni.



Samverustundir

Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Í samverustundum eru lesnar bækur, sagðar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Þar er fjallað um ýmis þemaverkefni sem verið er að vinna að hverju sinni. Rætt um heiti daga, mánaða, veðráttu og árstíðir. Í samverustundum eru ýmist öll börnin saman eða skipt upp í tvo til þrjá hópa á hverri deild eftir aldri. Megin markmið með samverustundum er að:

- börnin læri að tjá sig ein og í hóp
- börnin læri að hlusta á aðra
- stuðla að alhliða námi
- eiga notalega stund saman
- börnin læri að bíða og taka tillit til annarra



Útivera

Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Þar gefast ótal tækifæri til náms. Í útiverunni leika börnin sér mest frjálst, en einnig er boðið upp á skipulagða leiki. Meginreglan er sú að börnin fari út einu sinni á dag og oftast ef þau vilja. Megin markmið með útiveru er að börnin:

- efli grófhreyfingar, úthald og þor
- fái útrás fyrir hreyfipörf
- upplifi útiveru á jákvæðan og ánægjulegan hátt

Vettvangsferðir

Börnin fara reglulega í vettvangsferðir og tengjast þær gjarnan því námsefni/þema sem verið er að fjalla um hverju sinni. Vettvangsferð út í náttúruna eða heimsókn á vinnustað og í þjónustufyrirtæki gefur reynslu sem hægt er að vinna úr. Þetta er hluti af menningu og samfélagsnámi barnanna og ferðirnar gefa þeim tækifæri til að kynna sér nær umhverfi sínu. Markmið með vettvangsferðum er að:

- efla grófhreyfingar, úthald og þor
- kynna börnin fyrir umhverfi sínu, menningu og samfélagi
- fræða börnin um náttúru og dýraríki Íslands

3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

- Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn verður heimsótt og ferðir í bókasafnið eru fyrirhugaðar allan veturinn. Að auki verður farið í styttri vettvangsferðir bæði gönguferðir og með strætisvagni
- Haldin verður uppskeruhátíð í lok ágúst, þá tökum við upp úr garðinum okkar í Fossvogi
- Föstudaginn 11. október er **bleikur dagur**, í apríl verður **blár** dagur, **grænn** dagur 8. október
- Haldið verður upp á alþjóðlega bangsadayinn föstudaginn 25. október. Börnin eru þá hvött til þess að hafa með sér bangsa í leikskólann og við lesum bangsasögur í samverustundum og allir mæta í náttfötum 😊
- Danskennsla á vegum foreldrafélagsins í 6.vikur seinnipart nóvember
- Jólaball verður haldið um helgi í byrjun desember í Snælandsskóla börn og foreldrar syngja og dansa saman í kringum jólatréð í skreyttum sal, jólasveinar koma í heimsókn og gefa börnunum smá pakka, sem foreldrar leggja til. Foreldrar koma færandi hendi með veitingar á hlaðborð

- Haldið í húsdýragarðinn í desember og heilsað upp á dýrin
- Föstudaginn 17. janúar blótum við þorrann að heiðnum sið með þorramat og gleði.
- Á bolludag eru bolludagsbollur borðaðar að íslenskum sið. Fiskibollur í hádegi.
- Á sprengidag er saltkjöt og baunir í hádegismat
- Á öskudag er öskudagsball , börn og kennarar klæðast furðufötum eftir eigin smekk og áhuga. Við dönsuðum og syngjum og gæðum okkur á snakki þennan dag
- Sólarkaffi í febrúar að vestfirskum sið, bakaðar pönnukökur
- Heimsókn í Þjóðleikhúsið með elstu börnin að sjá leikritið Ómar orðabelgur
- Í maí verður farið með elstu börnin í útskriftarferð í Ölfusborgir og gist þar í eina nótt
- Foreldrafélagið býður í sveitaferð í maí
- 11. maí er afmæli Kópavogsbæjar
- Í júní verður haldin sumarhátíð foreldrafélags leikskólans
- Sívertsen hús í Hafnarfirði þar sem elstu börnin fá að upplifa jólin í gamla daga
- Gengið gegn einelti í nóvember
- Elstu börnunum boðið á sinfóníutónleika í Hörpu

3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf

Í leikskólanum er lærdómssamfélag í sífelldri þróun. Ein birtingarmynd þess er Evrópusamstarf leikskólans. Það samstarfsverkefni sem við tókum þátt í gengur út á að þátttökulöndin deila hugmyndum og verkfærum sem við notum í starfinu með börnunum. Erasmus+ samstarfsverkefnið verkefnið Game for the Health-Game for the Future mun hefja göngu sína í Nóvember 2019, þátttökulöndin sem eru með í verkefninu eru skólar í eftirtöldum löndum/borgum: Konín í Póllandi, lítill leikskóli þar sem dvelja 7 börn og er á lítilli eyju í Gríska eyjahafinu sem heitir Folegandros, leikskóli í Aþenu Grikklandi, leik og grunnskóli í Newport í Wales og leikskóli í Riga í Lettlandi.

Áherslurnar í verkefninu eru á lýðheilsu þar sem sérstaklega verður einblínt á:

- Matarvenjur
- Hraði og stress
- Tannheilsa
- Jóga
- Tilfinningar

Í þessu verkefni mun leikskólinn okkar leggja til reynslu og þekkingu okkar á jóga með börnum.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna teljum við vera tilvalin til þess að flétta saman og nálgast markmiðin í þessu verkefni.

Leikskólinn mun taka þátt í þróunarstarfi næstu tvö ár, ásamt fjórum öðrum leikskólum í Kópavogi þar sem unnið verður með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mun Furugrund verða Réttindaskóli í réttindum barna.

4 Starfsmenn

4.1 Starfsmannastefna

Samvinna og samstarf er mikilvægur þáttur í leikskólastarfinu. Starfsmenn eru með mismunandi þekkingu og reynslu. Við sköpum hér starfsanda og starfsumhverfi sem er opið og skoðanaskipti geta átt sér stað. Við erum það sem við gerum.

4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Áherslupættir sem gengið er út frá í samstarfi eru:

Virðing: Við komum fram af virðingu hvort við annað, við komum fram við aðra eins og við viljum að komið sé fram við okkur.

Heildtæk hugsun: Tekið er á móti öllum á þeirra forsendum. Hver einstaklingur er metinn út frá hæfileikum sínum en ekki því sem hann getur ekki. Litið er á margbreytileika sem sjálfsagðan hlut og að það sé kostur fremur en löstur að fólk er ólíkt.

Heildtækt gildismat: Í því felst að við notum sameiginlegar starfsaðferðir og sama stefna er viðhöfð í leikskólanum í öllu því er lítur að samstarfinu sem byggir á starfslegum, fræðilegum og siðferðislegum rökum.

Trúnaður og traust: Viðhöfð er þagmælska um mál sem lúta að börnunum og aðstæðum þeirra. Við forðumst það í hvívetna að fella dóma.

Samskiptareglur starfsmanna : Starfsmannahópurinn hefur sett sér samskiptareglur í tíu liðum sem eiga að endurspeglar þá menningu og samskipti sem eiga að ríkja okkar á milli.

Í leikskólanum er starfandi starfsmannafélag sem hefur sett sér lög og reglur.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru hluti af handleiðsluhóp í sínu skólahverfi sem hittast reglulega. Handleiðsla utan og innan leikskólans er í boði fyrir þá kennara sem óska þess.

Skipulögð starfsmannasamtöl eru fyrirhuguð í febrúar 2020.

Móttaka nýrra starfsmanna er á höndum leikskólastjóra hvað varðar launamál og skrifræði. Deildarstjórar hafa það hlutverk að leiðbeina nýjum starfsmönnum um allt sem lýtur að starfinu á deildinni.

4.3 Samsetning starfsmannahópsins

Þann 1. desember 2018 var starfsmannahald með þeim hætti sem sést á töflu hér fyrir neðan.

Starfsheiti	Stöðugildi		Fjöldi
Leikskólastjóri	100%		1
Aðstoðarleikskólastjóri	100%		1
Háskólamenntaðir	1,87 %		2
Sérkennslustjóri	0,93%		1
Leikskólakennari	10,40%		11
Leiðbeinendur	6,50%		7
Matráður	0,88%		1
Aðstoð í eldhúsi	0,87%		1
Ræsting	2 x2 klst. tímav.		2
Samtals	23,45stöðugildi		27

Þann 1. desember 2018 voru þrjú starfsmenn allir í 100 % starfi í langtíma veikindaleyfi og einn kennari í fæðingarorlofi. Veikindadagar starfsmanna á leikskólaárinu voru **688**, veikindadagar vegna veikra barna voru **23**. Samtals: **711** dagar.

Starfsmannahald fyrir komandi skólaár lofar afar góðu, stöðugleiki og reynsla til staðar og valinn maður í hverju rúmi.

4.4 Fundir

Tveir starfsmannafundur verða á skólaárinu verða þeir tileinkaðir undirbúningi starfsins.

Deildarfundir eru einu sinni í mánuði eftir hádegi þegar börnin eru í útiveru.

Stjórnendafundir eru einu sinni í mánuði þar sem línan er lögð fyrir starfið framundan og þau atriði sem þarfnast umræðu, samstöðu og framtíðarsýnar.

Skilaboðafundir eru að morgni kl:8.50 – 9.10 þar er komið á framfæri boðum sem þurfa að berast öllum deildum, farið yfir starfsmannahald og hvernig brugðist er við mannekle þegar margir kennarar eru fjarverandi.

4.5 Skipulagsdagar 2018-2019 og 2019 - 2020

Skipulagsdagar voru fimm á leikskólaárinu eru þeir til þess fallnir að efla samstarf, undirbúa starfið, til símenntunar og endurmats ýmiskonar.

14. september, undirbúningur vetrarstarfsins. Kynning á Evrópuverkefnum hvað er framundan í þeim efnunum.

19. nóvember, námskeið á vegum Eyrúnar Ísfold Gísladóttur, Lubbi finnur málbein“ þar sem farið verður yfir hugmyndafræðilegan grunn Hljóðasmiðju Lubba.

2. janúar, námskeið í Skyndihjálpi /Herdís Storgaard hálfur dagur. Matslistar heilbrigði og vellíðan fylltir út.

19. mars, kynning á nýrri gagnageymslu/Skýið

17. maí, undirbúningur fyrir sýningu , endurmat vetrarstarfsins, undirbúningur fyrir næsta skólaár, áherslur og starfsáætlun.

Skipulagsdagar 2019 -2020

Skipulagsdagar verða fimm á leikskólaárinu eru þeir til þess fallnir að efla samstarf, undirbúa starfið, símenntunar og endurmats ýmiskonar.

14. september, undirbúningur vetrarstarfsins. Kynning á jafnréttisáætlun, áfallaáætlun, heimsmarkmiðum S.Þ og Barnasáttmála S.Þ Þátttaka leikskólans í Erasmus+ verkefninu

21. nóvember, allur dagurinn verður lagður undir námskeið „Jákvæður agi,, Jónína Hauksdóttir leikskólastjóri á Naustatjörn á Akureyri kennir.

2. janúar, Matslistar heilbrigði og vellíðan fylltir út. Námskeið (2 klst) fyrir alla starfsmenn um Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna.

19. mars, Seinni hluti námskeiðsins „Jákvæður agi“.

17. maí, Undirbúningur fyrir sýningu , endurmat vetrarstarfsins, undirbúningur fyrir næsta skólaár, áherslur og starfsáætlun.

4.6

Endur og símenntunaráætlun 2018-2019 og 2019 – 2020

Á skólaárinu 2018-2019:

Starfsfólk sótti námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar. Kynningar hjá Rannung og námskeið hjá HÍ voru einnig sótt.

Skyndihjálpnámskeið var fyrir alla starfsmenn. Kynning á Heimsmarkmiðum Sameinuðu Þjóðanna var fyrir alla starfsmenn í júní 2019

Tveir kennarar sóttu námskeið hjá Barnaheill í námsefninu Blær fyrir börn undir þriggja ára aldri. Tveir kennarar sóttu námskeið í útikennslu.

Á skólaárinu 2019-2020:

Starfsfólk sækir námskeið og fyrirlestra á vegum Kópavogsbæjar. Kynningar hjá Rannung og námskeið hjá HÍ eru einnig sótt. Tveir kennarar munu sækja námskeið hjá Kvan „vekfærakistuna“. Tras námskeið sækja tveir leikskólasérkennarar.

Fimm kennarar munu sækja námskeið hjá Gurudass í Jógasetrinu í apríl 2020,

<http://childplayyoga.com/>

Allir starfsmenn taka þátt í 12 klst námskeiði um Jákvæðan aga sem er einn lykillinn í umbótaáætlun leikskólans á árinu.

Sérkennslustjóri og leikskólasérkennari sækja námskeið í PMTO

Leikskólastjóri mun sækja námskeið hjá KVAN sem verður í Valencia á Spáni í september 2019.

Deildarstjórar sækja námskeið hjá Þekkingarmiðlun.

4.7 Þátttaka í rannsóknum

Börnin í leikskólanum eru og hafa verið þátttakendur í rannsókn á vegum Sýkladeildar LSH tvo síðustu áratugi þar sem tekin eru nefkoksstrok í þeim tilgangi að kanna útbreiðslu þnmemokokka í börnum á leikskólaaldri. Rannsóknin er liður í að kortleggja fjölonæmar bakteríur sem sýklalyf vinna ekki á.

Hluti foreldra tók þátt í rannsókn meistaránema í Foreldrafræðslu og uppeldisráðgjöf við HÍ. Þar var viðfangið sýn foreldra á tilfinningar barna þeirra.

5 Börn

5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Fjöldi barna – samsetning hópsins – aldur:

Þann 1. desember 2018 voru 72 börn í leikskólanum.

Fæðingarár	Dvöl 4-4.5 klst.	Dvöl 6-6.5 klst.	Dvöl 7-9 klst.	Samtals
2013			15	15
2014			18	18
2015			20	20
2016			12	12
2017			7	7

Drengir voru 43 og stúlkur 29

Dvalartímar voru 588,5

Barngildi voru 89,70

5.2 Sérkennsla

Skipulag sérkennslu var í höndum sérkennslustjóra. Lögð var áhersla á snemmtæka íhlutun, þar sem leitast er við að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með frávik í þroska með markvissum aðgerðum eins snemma og unnt er. Gerðar voru einstaklingsnámskrár fyrir hvert og eitt barn sem naut sérkennslu og þær endurskoðaðar eins oft og þurfa þótti. Sérkennslan fór fram í barnahópnum, litlum og stórum og var einnig einstaklingsbundin allt eftir aðstæðum hverju sinni. Við köllum þessa hópa leikhópa og hefur hver og einn hópur sín markmið og leiðir. Markmið okkar er að allir verði að gæta þess að börnin sem eiga í hlut, séu hluti af barnahópnum og eigi sömu hlutdeild í leikskólastarfinu og hin börnin. Eitt af því besta sem leikskólinn hefur upp á að bjóða er félagsþroskinn, þær fyrirmyndir sem börnin eru hvert öðru.

Við leggjum mikla áherslu á samvinnu við foreldra sem byggð er á gagnkvæmu trausti. Foreldrar taka þátt í ákvarðanatöku, við hlustum og tökum tillit til sjónarmiða þeirra.

Leiðir í sérkennslu

Á öllum deildum voru málörvunar- eða leikhópar starfandi allan veturinn og fram að sumarlokun. Í ár voru starfandi 10 mismunandi leikhópar sem flestir hittust tvisvar eða oftar í viku og þá í um það bil hálf tíma í senn. Sex starfsmenn sinntu þessum leikhópum að mestu og væri sérkennslustjóri mikið til

Í að fækka þeim enn frekar niður í einn á hverri deild eða jafnvel í enn færri sem myndu þá sjá um leikhópa fyrir húsið í heild. Var mjög vel haldið utan um þessa hópa í ár og voru áherslur hvers leikhóps ákveðnar með þarfir barnanna að leiðarljósi. Meginmarkmið leikhópanna voru ólík eftir þörfum barnanna en meðal markmiða voru markviss málörvun, efling fínhreyfinga, efling sjálfstrausts auk eflingar í félagsfærni.

Í leikskólanum Furugrund hefur verið boðið upp á fjölbreyttar leiðir í kennslu barna með einhverfu og barna með aðrar þroskaraskanir. Bæði er unnið eftir hugmyndafræði atferliþjálfunar og skipulagðar kennslu og einnig hefur verið notuð myndbandasýnikennsla þegar slíkt á við. Sérkennslustjóri var með skráða leikhópa á hverjum degi í stundarskrá, bæði á eldri og yngri deild og hefur mikinn hug á að sinna hluta sérkennslustunda ásamt þjálfun þegar tækifæri gefst. Sérkennslustjóri reyndi að hitta sérkennara/stuðningsaðila að lágmarki, einu sinni í mánuði þar sem farið var yfir markmið hvers barns fyrir sig og veita ráðgjöf varðandi einstaka þjálfunarþætti. Í einstaklingskennslu hefur áhersla verið lögð á að kenna barninu ákveðna færni sem síðar er æfð í minni hóp og því næst yfirfærð í raunaðstæður auk þess sem áhersla hefur verið á orðaforðainnlögn. Einnig fór stór hluti kennslunnar fram inni á deild og í raunaðstæðum í daglegu leikskólastarfi.

1. Upplýsingatækni er notuð markvisst í kennslu barna með sérþarfir sem og annarra barna í leikskólanum. Smáforritin „Orðagull“ og „Bitsboard“ hafa verið mest notuð og hefur það gefið góða raun varðandi málörvun fyrir elstu börnin. Einnig eru gönguferðir um Fossvogsdalinn mikið notaðar til að efla hreyfifærni, félagsfærni og orðaforða, auk þess að gefa börnunum þásku frá erlinum sem oft einkennir leikskólastarf.

Öllum elstu börnunum var kennt sérstaklega einu sinni í viku (2 klst.) í svokölluðu EBV starfi (Elstu barna verkefni). Þar var lögð áhersla á hljóðkerfisvitund, stærðfræði, fínhreyfingar, lýðræði og samskipti. Sérkennslustjóri veitti stuðning í EBV í vetur. Elstu börnin fara öll í Hljóm-2 skimun á haustdögum og eru þau sem sýna fram á möguleg frávík sett í leikhóp að lágmarki fram á vorönn. Þá fer aftur fram Hljóm-2 skimun og ef börnin sýna ekki nægilegar framfarir þá er kallaður til talmeinafræðingur til að meta stöðu þeirra. Sérkennslustjóri og einn deildarstjóri sáu um að leggja HLJÓM-2 fyrir elstu börnin.

Sérkennslustjóri fór á AEPS námskeið síðastliðið haust og var það mjög gagnlegt og nýttist það í starfi með tveimur börnum í vetur. Hugsar sérkennslustjóri sér að nýta þessa þekkingu þegar hann hættir afleysingarstarfi sínu næsta vetur þegar hann snýr til baka í sérkennslu.

Einstaklingsnámskrár

Sérkennslustjóri sá um gerð einstaklingsnámskráa, ásamt sérkennara, leikskólakennara eða deildarstjóra. Auk þess sá hann um að óska eftir tillögum að markmiðum og þátttöku frá foreldrum barna sem falla undir skilgreiningar fyrsta og annars flokks, við gerð hvernar námskrár. Við gerð námskrána voru einnig hafðar til hliðsjónar niðurstöður úr athugun og greiningum sem gerðar höfðu verið af sérfræðingum á vegum leikskólaskrifstofu eða öðrum viðurkenndum sérfræðingum. Í hverri námskrá kemur fram hvaða þroskaþætti eigi að leggja áherslu á í vinnu með barninu og að hvaða markmiðum skuli stefnt. Námskrárnar giltu í misjafnlega langan tíma og voru endurskoðaðar í samvinnu við foreldra og gerðar breytingar þar sem þörf var á samhliða teymisfundum, oftast á fjögurra til sex mánaða fresti.

6 Foreldrasamstarf

6.1 Foreldrasamstarf

Samstarf við foreldra hefur alltaf verið með ágætum. Áhugasamir foreldrar hafa valist til trúnaðarstarfa í stjórn foreldrafélagsins Helga leikskólustjóri verður tengiliður við stjórn félagsins og

verða stjórnarfundir haldnir einu sinni í mánuði. Segja má að vissar hefðir hafi mótast í samstarfinu. Foreldrafundur verður í október, sá fundur hefst samkvæmt venju með aðalfundi foreldrafélagsins og síðan verður kynning á vetrarstarfi leikskólans. Foreldrafundurinn verður haldinn seinnipart dags kl: 18.00-20.00 enda mælist það þokkalega fyrir hjá foreldrum.

6.2 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og er hlutverk þess að gefa umsagnir til leikskólans og leikskólanefndar, sbr.2.mgr4.gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Foreldraráð á einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar breytingar á leikskólastarfinu. Foreldraráð starfar samkvæmt starfsreglum þar sem m.a kemur fram að ráðið hittist á fundi einu sinni á hverri önn.

6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Opið hús er tvisvar á ári í desember og í maí á þessu skólaári verður opið hús og sýning þann 10. maí 2018 og fyrsta föstudag í desember bjóða börnin foreldrum í jólakaffi. Þátttaka foreldra fer að öðru leyti mest fram í þáttum eins og opnu húsi, morgunkaffi, sveitaferðum og þess háttar. Venjulega er þátttaka foreldra mjög góð og heyrir það til undantekninga ef ekki er mætt frá hverju barni á þá viðburði sem í boði eru.

6.4 Fræðsla og upplýsingar fyrir foreldra

Samstarf leikskólans við foreldra verður með hefðbundnum hætti og má þar nefna: Foreldrar nýrra barna fá upplýsingar um leikskólastarfið í máli og myndum í kynningarbaklingi sem er á heimasíðunni.

Heimasíða leikskólans miðlar fréttum frá leikskólanum og nánast allt um það sem börn þeirra taka sér fyrir hendur í leikskólanum. Einnig geta foreldrar nálgast á heimasíðunni skólanámskrá, starfsáætlun, matseðla og fleira. Facebook hefur reynst okkur notadrjúg í upplýsingaflæði til foreldra en þar er síða í nafni foreldrafélagsins einnig er hver deild með sína síðu á samfélagsmiðlinum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári í nóvember og mars-apríl.

6.5 Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann. Félagsaðild að því félagi er frjálst, eins og vera ber samkvæmt landslögum. Ekki hefur komið til þess að foreldrar kjósi að standa utan félagsins. Hefðir hafa skapast fyrir þeim verkefnum sem foreldrafélagið stendur fyrir hverju sinni. Stjórn félagsins er skipuð 5 fulltrúum og tveimur til vara sem kosnir eru á aðalfundi félagsins í október hvert ár.

7 Samstarf

7.1 Samstarf við grunnskóla

Formlegt samstarf er við Snælandsskóla. Elstu barna kennarar í Furugrund, Álfatúni og Grænatúni ásamt kennurum í Snælandsskóla undirbúa og útfæra samstarfið. Næsta skólaár munu 16 börn hefja grunnskólagöngu sína, flest þeirra fara í Snælandsskóla. Sérkennslustjórar beggja skóla funda í apríl – maí vegna barna með sérþarfir. Gagnkvæmar heimsóknir eru á milli skólanna fyrir og eftir áramót. Leikskólinn hefur afnot af skólastofu í Snælandsskóla á fimmtudagsmorgnum þar sem elstu börnin

vinna að verkefnum. Ípróttasalur Snælandsskóla hefur verið til afnota fyrir börnin í Furugrund alla morgna frá 9.00-11.00.

7.2 Samstarf við aðra

Gott samstarf er við alla þá birgja og aðila sem koma að starfsemi leikskólans. Samstarf er við framhaldsdeild Menntavísindasviðs HÍ. Deildarstjórar og sérkennslustjóri eiga í miklu og góðu samstarfi við stofnanir og sérfræðinga utan leikskóladeildar s.s iðju og sjúkrahjálfa hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, ráðgjafa hjá GRR, talmeinafræðinga hjá Talstöðinni í Hamraborg, þroska og hegðunarmiðstöð í Mjódd. Samstarfið felst í reglubundnum fundum í leikskólanum og í gegnum tölvupóst.

7.3 Nemar

Á skólaárinu munu tveir háskólamenntaðir kennarar stunda mastersnám í fjarnámi í HÍ, annar á seinni ári af tveimur og hinn á fyrsta ári. Einnig er starfsmaður í barneignarleyfi í fjarnámi í leikskólafræðum hún er á öðru ári. Tveir leikskólakennarar eru í ECT eininga námi í HÍ námskeiði um Mál og Læsi.

8 Mat

8.1 Matsaðferðir

Hljóm 2 sem er próftæki í leikjaformi það er lagt fyrir á haustin fyrir börnin sem eru fimm ára. EFI-2 málþroskapróf sem sem kannar málskilning og tjáningu barna sem eru á fjórða aldursári.

Foreldramatslisti annað hvert ár.

Mat á störfum stjórnenda annað hvert ár

Mat á sameiginlegum viðmiðum samkvæmt aðalnámskrá eitt námsvið tekið fyrir á hverju ári í öllum aldurshópum.

8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Gátlistar vegna mats á námsskrá voru útfylltir á skipulagsdegi. Sá matsþáttur sem var tekinn fyrir er „Heilbrigði og vellíðan“

Í pdf skjölunum hér fyrir neðan eru niðurstöður matsins fyrir hvern aldurshóp:



Sameiginleg
viðmið_heilsa og vel



Sameiginleg
viðmið_heilsa og vel



Sameiginleg
viðmið_heilsa og vel

Mat barna á leikskólastarfinu

Mat barna á leikskólastarfinu:

Matið fór fram í apríl 2019, aðferðin sem varð fyrir valinu var „barn fær gest í leikskólann“. Þátttakendur voru elstu börnin í leikskólanum.

Markmið: Að fá fram sýn barnsins á leikskólann og líðan þess þar. Athuga lýðræði barna í leikskólanum, eru börnin að fást við það sem þeim finnst skemmtilegast og kjósa helst eða er þeim stýrt of mikið. Reynt að finna út hvort viðhorf barnanna sé virt og hvort þau fái að leggja eitthvað til málanna að þeirra mati.

Niðurstöður: Aðferðin hentaði vel. Það má þakka því að gestirnir voru foreldrar, börnin voru ekki feimin við að tjá sig. Auðvelt var að framkvæma viðtölin, fáar spurningar, myndavél og diktafónn. Miklar umræður sköpuðust meðal kennara og spurningar um líðan barnanna, hvort eitthvað mætti fara betur, hvort að við séum á réttri leið með verkefni og aðferðir. Hvort börnin séu ánægð, tengsl þeirra á milli og möguleika þeirra til þess að velja að leika við þann sem þau langar að leika við eða hvort kennarar stýri of mikið..

Börnin sem eru fimm ára á árinu voru prófuð með Hljóm, skimað er með Hljóm hjá öllum elstu börnum leikskólans. Niðurstöður fylgja alltaf til viðkomandi grunnskóla óháð því hvert börnin fara.

Börnin sem eru á fjórða aldursári voru skimuð með EFI 2, málþroskaskimun sem kannar málskilning og tjáningu barnsins.

8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Við mat á starfsáætlun síðasta leikskólaárs er það niðurstaðan að sett markmið, áherslur og framkvæmd voru í fullu samræmi við fyrirfram ákveðnar forsendur. Kennarar skólans eru afar færir og það sem er ákveðið fyrirfram í skipulögðu starfi er framkvæmt og unnið er undantekningarlaust að settu marki. Endurmat leiðir í ljós að starfið er í blóma og allir una sáttir og glaðir við sitt.

Samstarfsverkefnið Emotional Intelligence a key to a success rann sitt skeið á árinu eftir tveggja ára samstarf við leikskóla í sex Evrópulöndum .

Tilfinningagreind var þema leikskólans á árinu það tókst í alla staði mjög vel upp, var skapandi, fjölbreytt og gagnleg. Í daglegu starfi í leikskólanum mun tilfinningagreindin blómstra vegna þess að verkefnið skilur eftir sig reynslu og vinnubrögð sem nýtast svo sannarlega. Látum fylgja með texta sem matsmaður í höfuðstöðvum Menntaáætlunar ESB skrifaði í skýrslu um verkefnið.

„An excellent project revolving around the important issue of emotional intelligence. The project was well organised and executed in more or less every respect, with each participating country bringing good practices to the mix. The theme has already been implemented in the pre-school's curriculum, so the impact from the project has been strong. Leikskólinn Furugrund has become a veteran participant in Erasmus+ and we sincerely hope that they will continue with their work in future projects.“

Annað samstarfsverkefni á Evrópuvísu Be a master – think creatively kláraðist í lok sumars 2019, það verkefni byggir á leik með Lego kubbum og kóðun eða forritun sem er hið nýja læsi nútímans og er fyrir alla. Unnið var með einfaldasta form kóðunar, forritun með og án verkfæra sem er ekki svo ólíkt því að leika þrautakóng. Forritin sem unnið var með eru: Osmo, Scratch junior, Beeboot, Cubetto og Boomwackers. Leikskólinn var í þessu verkefni að vinna frumkvöðlastarf og hefur það verið afar áhugavert og skemmtilegt.

Hollusta í mataræði tók örlitlum breytingum tekinn var út púðursykur og korn flex í morgunmat og kakómalt í síðdegishressingu sem var alltaf á föstudögum.

- Á næsta skólaári er áætlað að endurskoða skólanámskrá leikskólans, hún þarfnast yfirlesturs og endurskoðunar vegna breyttra tíma, nýjunga og áherslna, vegna tímaleysis tókst starfsmannahópnunum ekki að fara í þessar umbætur á síðasta leikskólaári
- Jákvæður agi
- Vinna með heimsmarkmiðin og barnasáttmála SP
- Endurskoða síðdegishressingu barnanna með tilliti til hollustu og fjölbreytni
- Í mati barna á leikskólastarfinu mun s.k tilfinningatafla sem búin var til í tengslum við tilfinningaverkefnið verða brúkuð með þeim hætti að börnin tjá sig sjónrænt og merkja síðan við líðan sína á töflunni. Fyrir eldri börnin eru tilfinningarnar átta en fyrir þau yngstu tvær. Kennarar munu viðhafa skráningu sem verður tekin saman vorið 2020.

HVERNIG LÍÐUR MÉR

Emotional Intelligence Kvinnur 2017 Erasmus+

9 Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi áfallaráð og öryggisnefnd.

9.1 Öryggisnefnd

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd, hlutverk hennar er að fylgjast með því að allur aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi í starfsumhverfi sé í samræmi við lög og reglur.

9.2

Áfallaráð er starfandi innan leikskólans í því sitja leikskólastjóri/staðgengill hans og deildarstjórar. Hlutverk áfallaráðs er að vera starfsfólki skólans til aðstoðar við að mæta ýmiss konar áföllum sem sem börn í leikskólanum og/eða starfsfólk verða fyrir eða tengjast með öðrum hætti. Áfallaráð er bundið trúnaði.

9.3 Innra eftirlit

Virkt eftirlit er með húsnæðinu, garðinum og öllum aðbúnaði skólans. Deildir skiptast á því hlutverki mánaðarlega og leikskólastjóri sér um árlegt eftirlit í stóra samhenginu.

Einu sinni í mánuði þá skoða litlir eldvarnarfulltrúar eldvarnir leikskólans en það eru börn í elsta og mið hóp á eldri barna deildunum sem veljast í þetta mikilvæga starf.



Eldvarnarfulltrúarnir okkar athuga hvort að hlutirnir séu í lagi með því að fara yfir neyðarútganga og þá hvort að það sé greiður aðgangur að þeim sem og að einnig eru skoðuð slökkvitæki leikskólans.

Reglulega kemur fulltrúi frá Vinnueftirliti Ríkisins og gerir úttekt

Fulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti gerir árlega úttekt

Eftirlitsmaður frá BSÍ á Íslandi gerir árlega úttekt á útisvæði

9.4 Slys

Á skólaárinu eru níu skráð slys sem meðhöndluð eru á slysadeild eða heilsugæslu. Slysini eru flest á lóð leikskólans eða 7 samtals öll eru slysini á lóð tengd falli eða að barn hrasar á stétt, sprengir vör og eða fær kúlu, mar ,skrámur og skurði sem þarf að líma saman eða sauma. Eitt slys er innandyra vegna falls þar sem barn datt á skáp og meiddi sig á vör og í munn, barnið þurfti að leita til tannlæknis. Eitt slys var utan leikskólans nánar tiltekið í Ölfusborgum barnið var í heitum potti og datt á barm pottsins varir sprungu og litur á tannholdi breyttist líklega vegna mars. Leitað var til tannlæknis. Kennari sneri sig á ökkla féll af stól þegar hún var að opna glugga.

10 Lokaorð

Starfáætlun leikskólans Furugrundar frá 1. september 2019– 31. ágúst 2020 er hér með lögð fram það tókst því miður ekki að ljúka henni fyrr en nú, tíminn líður og það er í mörg horn að líta, fullvissa þá sem eiga hlut að máli að unnið er samkvæmt áætlun hér í Furugrund þrátt fyrir þá staðreynd að töfin er löng á birtingu áætlunarinnar. Haustið hefur verið annasamt og í mörg horn að líta.

Innleiðing nýrra vinnuhátta hvað varðar persónuvernd, leikskólakerfið Vala og heimasíðan Lísu hefur reynst tímafrekt og örlítið höktandi í það minnsta hér á bæ.

Starfsmannahópurinn er einstakur, færir kennarar og áhugasamir, sem kunna sitt fag við uppeldi nám og umönnun barnanna . Stöðugleiki er ríkjandi. Börnin eru yndisleg að vanda.

Við hlökkum til að takast á við verkefni skólaársins þau eru mörg og fjölbreytt og til þess fallin að gera gott betra.

Helga E. Jónsdóttir leikskólastjóri